



Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2025

**haldinn að Stórhöfða 29 miðvikudaginn 26.
nóvember 2025 kl. 17:30**

Gísli B. Ívarsson formaður Dalbúa setti fundinn kl. 17:30 í salnum Snæfell í Húsi fagfélaganna að Stórhöfða 29 og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður stakk upp á að Georg Páll Skúlason yrði fundarstjóri og var það samþykkt einróma og að Anna Helgadóttir yrði ritari og var það einnig samþykkt einróma.

Mættir voru:

Guðbjörg Ingólfs Ingvarsdóttir, Þórður H. Jónsson, Júlíus Pálsson, Snæbjörn Stefánsson, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Anna Helgadóttir, Gísli B. Ívarsson, Georg Páll Skúlason, Björg Benediktsdóttir, Jóhann Sigurjónsson, Guðni K. Elíasson, Valgerður Sveinbjörnsdóttir, Jón Hermannsson, Sigrún Siggeirsdóttir, Ragnar Örn Steinarsson, Magnús Kristbergsson, Hallgrímur Hausson, Anthony Karl Flores, Klara Lís Hervarsdóttir, Þorkell Svarfdal Hilmarsson, Magnús Gautur Gíslason, Þóra Guðrún, Jón Þorbjörnssons og Sæmundur Árnason.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

Gísli B. Ívarsson formaður kynnti skýrslu stjórnar (sjá umrædda ársskýrslu sem lögð verður fram í heild sinni á vefsíðu Dalbúa www.dalbui.is)

Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir starfsemi klúbbsins á árinu 2025 en jafnframt fylgja henni skýrslur nefnda, mótanefndar og vallarnefndar þar sem gerð er sérstaklega grein fyrir annars vegar mótahaldi sumarsins og eins vinnu við völlinn sjálfan. Sumarið var mjög gott og aðsókn að vellinum jókst frá árinu áður, almenn ánægja var með ástand vallarins.

Það er óhætt að segja að þetta ár hjá klúbbum hafi verið ár uppbyggingar og sjálfbóðaliða, en mikil vinna var í gangi á vellinum við að koma upp vökvunarkerfi á flötunum, en sú vinna var mest á herðum vallarnefndar en einnig komu nokkrir klúbbmeðlimir til aðstoðar og má segja að seint verði þessi vinna fullþökkuð, en þetta er líklega með stærri ef ekki stærsta verkefni sem klúbburinn hefur ráðist í. Stefnan er sú að halda uppbyggingu vökvunarkerfisins áfram næsta sumar og að sett verði kerfi á alla teigana hjá okkur.

Árlegi vinnudagurinn var svo haldinn í maí og var góð mæting að venju og vel tekið til hendinni. Þá mættu nokkrir galvaskir sjálfbóðaliðar seinni part sumars og tóku geymsluna okkar í gegn, en ekki veitti af því, og voru farnar nokkrar ferðir með rusl á gámasvæðið.

Bætt var við útihúsgögnum á pallinn hjá okkur sem oft er þétt setinn á góðviðrisdögum. Þá voru ýmis tæki í eldhúsi golfskálans endurnýjuð og nýjum bætt við og bauð Sigga Dóra sem sá um skálann upp á ýmislegt góðgæti sem hefur mælst vel fyrir og hefur úrvalið í skálanum aukist til muna. Þá fjárfesti klúbburinn í stóru samkomutjaldi og keypt voru borð í tjaldið, sem er góð viðbót við aðstaðurnar hjá okkur og nýttist vel í sumar. Þá fjárfesti klúbburinn í nýjum golfbíl, en sá gamli var löngu kominn á tíma en hann nýttist vel við vinnu á vellinum í sumar.

Vélakostur klúbbsins er alltaf að aukast og í ár tókum við í notkun stóran róbóta sem kom mjög vel út. Seldar voru einhverjar gamlar vélar sem ekki voru í notkun, en vallarnefnd leggur til að halda róbótavæðingunni áfram og er gert ráð fyrir að bætt verði við einum stórum og tveimur minni næsta sumar.

Golfmót sumarsins voru átta talsins en bætt var við nýju móti hjóna- og paramóti og mæltist það mjög vel fyrir og verður framhald á því móti, öll mótin tókust einstaklega vel og aðsókn mjög góð, en á nokkrum þeirra var ræst út tvöfalt á

nökkurum teigum. Rafræn skráning var á þeim öllum sem flýtti mjög fyrir útreikningum á úrslitum. Þá fór meistaramótið okkar fram í byrjun júlí og var ágætis þátttaka í því.

Dalbúabíkarinn sem er 12 holu riðlakeppni með fullri forgjöf, fór einnig fram í sumar og er þetta mjög skemmtileg viðbót við mótin okkar. Lokamót Dalbúa var svo sett upp sem bændaglíma og enduðum við starfsárið með grilli og skemmtilegheitum í skálanum og tjaldinu. Nánar er fjallað um mót sumarsins í skýrslu mótanefndar.

Anna Helgadóttir ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburði hjá okkur og voru þær sérlega glæsilegar og á hún bestu þakkir fyrir. Öll mót og viðburðir voru auglýstir með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðum Í sumar auglýstum við nokkuð með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum með yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi“ og „Það er hagkvæmt að vera félagi í Dalbúa“ og náði það að kynna völlinn nokkuð vel.

Félagsmönnum hefur fjölgað nokkuð á milli ára en í upphafi sumars voru félagsmenn 160 en félagarnir voru í lok sumars 206. Halda þarf áfram að fá inn nýja félaga en það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að vaxa og dafna.

Þá hélt klúbburinn Íslandsmót 5. deildar í ágúst og má segja að það hafi tekist einstaklega vel, en við vorum að gera þetta í fyrsta skipti, og erum reynslunni ríkari og sótt var um að halda Íslandsmót 4. deildar næsta sumar og var það samþykkt hjá GSÍ, en óhætt er að segja okkar frábæru sjálfboðaliðar hafi komið sterkir inn þarna, en okkar menn gerðu sér lítið fyrir og sigruðu mótið og eru því Íslandsmeistarar 5. deildar og færast upp í 4. deild.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins

Ásbjörn Sveinbjörnsson fór yfir ársreikninginn sem lagður var fram á fundinum (sjá ársreikning 2025 sem settur verður inn á heimasíðu klúbbsins ásamt skýringum við hann www.dalbui.is)

Rekstrartekjur ársins voru rúmlega 34 m.kr. og rekstrargjöld rúmlega 27 m.kr. að teknu tilliti til afskrifta er niðurstaða rekstrar jákvæð um tæplega 5 m.kr.

Eigið fé í árslok er um 46,2 m.kr. og skuldir nær engar.

Fram kom að góða fjárhagsstöðu má þakka aukinni sölu vallargjalda aukningu í sölu í skála.

Dalbúi á inneign á bankareikningi að upphæð rúmlega 9,2 m.kr. og útistandi skuldir upp á ca. 4 m.kr. og er því svigrúm til að halda áfram róbótavæðingu vallarins og annara framkvæmda.

3. Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar

Almenn ánægja var hjá fundamönnum um ástand vallarins síðast liðið sumar og þann aukna aðgang að vellinum sem skila sér í auknum tekjum til klúbbsins. Fundarmenn voru ánægðir með góða ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni og voru ánægðir með hversu vel væri haldið utanum fjármuni félagsins. Anthony Karl Flores spurði út í ástæðu þess að greiðsla til vallarstjóra hafði hækkað nokkuð á milli ára, ástæða þess var að ráða þurfti inn nýjan sláttumann á miðju tímabili þar sem Júlíus sem var ráðinn vallarstjóri um vorið hætti á miðju sumri og á tímabili voru greidd laun fyrir tvo sláttumenn og þá hóf Júlíus störf 1. maí fyrr en árið áður.

Eiríkur Þorláksson tók til máls og fannst vanta að reikningarnir væru betur upplýsandi, en engar skýringar fylgja reikningnum svo hægt sé að sjá hvað liggur að baki greiðslum. Eins fannst honum að færa ætti vökvunarkerfið undir fjárfestingar en ekki rekstrarkostnað. Þá vill Eiríkur að kannað verði hvort róbótar séu á sér rafmagnstöflu og ef svo er ekki leggur hann til að það verði gert svo betur sé hægt að gera sér grein fyrir rekstrarkostnaði þeirra.

Jón Hilmarsson, endurskoðandi tók til mál og útskýrði reikningana nokkuð vel.
Ársskýrsla og ársreikningur samþykkt samhljóða.

4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga

Engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir fundinum

5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og afgreiðslu

Engar tillögur liggja fyrir fundinum.

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár

Af hálfu stjórnar var lagt til að fela stjórn Dalbúa að ákveða árgjöld og önnur gjöld fyrir starfsárið 2026. *Tillagan samþykkt.*

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins
Fundarstjóri tilkynnti að Gísli B. Ívarsson gæfi kost á sér til formanns áfram, ekki bárust önnur framboð og var Gísli endurkjörinn með lófaklappi fundarmanna.

Kjörtímabili tveggja stjórnarmanna þeirra Önnu Helgadóttur og Ásbjörn Sveinbjörnssonar runnu út í ár og gáfu þau hvorugt kost á sér til endurkjörns. Tveir gáfu kost á sér til stjórnarsetu þau Ragnar Örn Steinarsson og Ásta Kristín Svavarsdóttir og voru þau kjörin með lófaklappi og taka því setu í stjórn til næstu tveggja ára.

Stjórn félagsins fyrir starfsárið 2025 er því þannig skipuð:
Gísli B. Ívarsson formaður, Guðbjörg Ingvars Ingólfssdóttir, Júlíus Pálsson, Ragnar Örn Steinarsson og Ásta Kristín Svavarsdóttir.

Varamenn til stjórnar eru kjörnir til eins árs í senn og buðu Bryndís Scheving og Helgi Einarsson sig fram, ekki komu fleiri framboð og þau því endurkjörin. Stjórnin mun svo skipta með sér verkum á fyrsta fundi ársins.

8. Kosning tveggja skoðunarmanns reikninga og eins til vara Stungið upp á Jóni Þ. Hilmarssynu og Georgi Páli Skúlasyni til vara. *Samþykkt samhljóða.*

9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar

Stjórn lagði fram, fjárhagsáætlun ársins 2026 til kynningar, þar sem tekið var mið af reynslu nýliðins starfsárs. Í fjárhagsáætluninni var tekið tillit til hækkunar á aðföngum frá síðustu áætlun, en rétt er að fara varlega við gerð fjárhagsáætlunar þrátt fyrir góða stöðu félagsins, en eins og staðan er nú er gert ráð fyrir um 7% hækkun á milli ára.

10. Önnur mál

Stungið var upp á því að fá kennslu í upphafi næsta tímabils í golfreglum og var vel tekið í það og verður það kannað.

Anthony Karl Flores spurði hvort áburður hefði verið borinn á völlinn í sumar, en fékk þau svör að svo hefði ekki verið gert.

Ásbjörn Sveinbjörnsson benti þá á að næsta vor kæmi aðili frá Grastek og færi yfir með vallarnefnd og vallarstjóra hvernig best væri að hugsa um völlinn og hvenær væri best að bera á og eins hvernig hægt sé að losna við mosa úr honum.

Önnur mál frá stjórn

a) Niðurstöður skoðanakönnunar

Gerð var skoðanakönnun á meðal félagsmanna varðandi aðstöðu, völlinn o.fl. Segja má að klúbburinn hafi komið nokkuð vel útúr könnuninni en þó eru nokkur mál sem koma alltaf síður út en önnur, þá ber fyrst að nefna salernisaðstöðuna sem flestir gáfu ekki góða einkunn og nauðsynlegt er að bæta úr, varðandi opnunartíma og þjónustu á vellinum komum við nokkuð vel út úr því eins varðandi vöruúrval í golfskála og verðlagningu, æfingasvæðið okkar má hinsvegar bæta og sást það í könnuninni, aðstaðan úti á velli skoraði nokkuð hátt í könnuninni eins ástand á teigum og grinum, golfmótin komu ágætlega út og þá kom einnig aðkoman að vellinum vel út. Nokkrir nefndu að lagfæra mætti 1. brautina en hún þykir ekki mjög skemmtileg!

b) Framtíðarnefnd

Stofnuð var framtíðarnefnd á vegum klúbbsins til að rýna starfið inn í framtíðina og leggur hún til ýmsar aðgerðir en þær helstu að halda áfram að róbætavæða völlinn, fá nýtt vallarmat frá GSI, en það þykir erfitt að lækka forgjöf á vellinum, hanna og kostnaðargreina æfingasvæðið, kostnaðargreina vökvun teiga, bæta salernisaðstöðu o.fl.

Eiríkur Þorláksson tók til mál og finnst honum að 1. brautin sé til skammar og vill hvetja til að strax verði sett í gang framtíðaráætlun varðandi lagfæringu á henni.

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 19:10

Fundargerð ritaði Anna Helgadóttir

